

AUGLÝSING

um samkomulag við Japan um vinnudvöl ungs fólks.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Tókýó 29. maí 2018 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Japans um vinnudvöl ungs fólks. Samkomulaginu var beitt frá 1. september 2018.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytinu, 8. maí 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

ORÐSENDING

frá utanríkisráðuneyti Íslands

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Japans virðingu sína og veitist sá heiður að upplýsa það um að íslensk stjórnvöld, sem hafa, í þeim anda að stuðla að nánara samstarfi milli Íslands og Japans, hug á að veita ungum ríkisborgunum Íslands og Japans aukna möguleika á að upplifa menningu og almenna lífshætti í Japan og á Íslandi í þeim tilgangi að stuðla að gagnkvæmum skilningi milli Íslands og Japans, og vilja koma á fyrirkomulagi vinnudvalar sem gerir ungum japönskum ríkisborgurum kleift að koma til Íslands, fyrst og fremst til orlofsdvalar í lengri tíma og einnig, eftir atvikum, til að starfa hluta af orlofsdvöl sinni í því skyni að bæta við ferðasjóði sína, eru reiðubúin til að gera eftirfarandi ráðstafanir með gagnkvæmum hætti, frá 1. september 2018, að því er varðar komu ungra japanskra ríkisborgara til Íslands, með fyrirvara um viðeigandi íslensk lög og reglur:

1. Íslensk stjórnvöld munu gefa út, án endurgjalds, tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi sem gildir í eitt (1) ár frá útgáfudegi að fenginni umsókn frá japönskum ríkisborgara sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. hann er japanskur ríkisborgari og búsettur í Japan þegar umsókn um fyrrnefnt leyfi er lögð fram,
 - ii. hann hyggst fyrst og fremst dvelja í orlofi á Íslandi í allt að eitt (1) ár frá komudegi,
 - iii. hann er á aldrinum átján (18) til tuttugu og sex (26) ára, að báðum árum meðtöldum, þegar umsókn um fyrrnefnt leyfi er lögð fram,
 - iv. honum fylgja ekki einstaklingar sem eru á framfæri hans nema ef þeir einstaklingar hafa einnig undir höndum fyrrnefnt leyfi eða önnur leyfi,
 - v. hann er handhafi gilds japansks vegabréfs og farmiða til baka eða ræður yfir nægilegu fjármagni til að kaupa slíkan miða,
 - vi. hann ræður yfir fjármagni sem dugar honum til uppihalds fyrst eftir að dvöl hans á Íslandi hefst,
 - vii. hann hyggst fara frá Íslandi þegar dvalartíma hans er lokið,
 - viii. hann hefur ekki áður fengið fyrrnefnt leyfi,
 - ix. hann býr við góða heilsu, hefur fullnægjandi sjúkratryggingu, traustan bakgrunn og er ekki á sakaskrá og
 - x. hann hyggst fara að lögum og reglum sem í gildi eru á Íslandi á meðan á dvöl hans stendur á Íslandi.
2. Umsækjendur munu leggja inn umsókn um leyfið, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, áður en þeir koma til Íslands samkvæmt þessu fyrirkomulagi.
3. Íslensk stjórnvöld munu árlega ákveða heildarfjölda leyfa, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, og tilkynna japönskum stjórnvöldum, eftir diplómatískum leiðum, ef þau ákveða að breyta fjölda þeirra.
4. Senda verður Útlendingastofnun á Íslandi leyfisumsóknir, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, í samræmi við sértækar málsmeðferðarreglur vegna þessa fyrirkomulags. Þegar nauðsyn krefur munu fulltrúar sendiráðs Íslands í Japan taka viðtöl við umsækjendur til að ákvarða hvort þeir uppfylla skilyrðin.
5. Umsækjendum verður ekki synjað um leyfið, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, einungis á grundvelli skorts á íslenskukunnáttu.
6. Íslensk stjórnvöld munu veita japönskum ríkisborgurum, sem eru handhafar leyfis sem getið er í 1. mgr. hér að framan, dvalarleyfi á Íslandi í allt að eitt (1) ár frá viðtökudegi fyrrnefnds leyfis. Þáttakendunum er óheimilt að framlengja dvöl sína fram yfir heimilað tímabil eða breyta innflytjendastöðu sinni á meðan á dvöl þeirra stendur á Íslandi samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

7. Japönskum þátttakendum þessa fyrirkomulags er heimilt, á meðan á dvöl þeirra stendur á Íslandi, eftir atvikum, að starfa hluta af orlofi sínu í því skyni að bæta við ferðasjóði sína.
8. Íslensk stjórnvöld munu gera þá kröfu til japanskra ríkisborgara, sem komið hafa til Íslands samkvæmt þessu fyrirkomulagi, að þeir fari að íslenskum lögum og reglum og stundi ekki atvinnu sem er andstæð tilgangi þessa fyrirkomulags.
9. Japanskir þátttakendur þessa fyrirkomulags geta, með fyrirvara um viðeigandi lög og reglur á Íslandi, skrá sig til þátttöku í stuttum tungumálanámskeiðum og/eða sambærilegum námskeiðum í þeim tilgangi að kynna sér menningu og almenna lífshætti á Íslandi.
10. Íslensk stjórnvöld geta stöðvað tímabundið framangreindar ráðstafanir að hluta eða í heild af ástæðum er varða almannaöryggi, allsherjarreglu, lýðheilsu eða hættu á ólöglegum innflutningi fólks. Allar slíkar stöðvanir verða tilkynntar japönskum stjórnvöldum tafarlaust eftir diplómatískum leiðum.
11. Íslensk stjórnvöld geta felld framangreindar ráðstafanir úr gildi með skriflegri tilkynningu til japanskra stjórnvalda með þriggja (3) mánaða fyrirvara.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Japans enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytið

Reykjavík, 29. maí 2018

ORÐSENDING

frá utanríkisráðuneyti Japans

Utanríkisráðuneyti Japans vottar sendiráði Íslands í Japan virðingu sína og veitist sá heiður að upplýsa það um að japönsk stjórnvöld, sem hafa, í anda þess að stuðla að nánara samstarfi milli Japans og Íslands, hug á að veita ríkisborgurum Íslands, einkum ungum ríkisborgurum Íslands, aukna möguleika á að upplifa menningu og almenna lífshætti í Japan í þeim tilgangi að stuðla að gagnkvæmum skilningi milli Japans og Íslands, og vilja koma á fyrirkomulagi vegna vinnudvalar sem gerir íslenskum ríkisborgurum kleift að koma til Japans, fyrst og fremst til orlofsdvalar í lengri tíma og einnig, eftir atvikum, til að starfa hluta af orlofsdvöl sinni í því skyni að bæta við ferðasjóði sína, eru reiðubúin til að gera eftirfarandi ráðstafanir með gagnkvæmum hætti, frá 1. september 2018, að því er varðar komu íslenskra ríkisborgara til Japans, með fyrirvara um viðeigandi japönsk lög og reglur:

1. Japönsk stjórnvöld munu gefa út, án endurgjalds, vegabréfsáritun vegna orlofsdvalar sem gildir í þrjá (3) mánuði frá útgáfudegi umsóknar íslensks ríkisborgara sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
 - (i) hann er íslenskur ríkisborgari og búsettur á Íslandi þegar umsókn um fyrrnefnda vegabréfsáritun er lögð fram,
 - (ii) hann hyggst fyrst og fremst dvelja í orlofi í Japan í allt að eitt (1) ár frá komudegi,
 - (iii) hann er á aldrinum átján (18) til tuttugu og sex (26) ára að báðum árum meðtöldum þegar umsókn um fyrrnefnda vegabréfsáritun er lögð fram,
 - (iv) honum fylgja ekki einstaklingar sem eru á framfæri hans nema ef þeir einstaklingar hafa einnig undir höndum fyrrnefnda vegabréfsáritun eða aðrar vegabréfsáritanir,
 - (v) hann er handhafi gilds íslensks vegabréfs og farmiða til baka eða nægilegs fjármagns til að kaupa slíkan miða,
 - (vi) hann ræður yfir fjármagni sem dugar honum til upphalds fyrst eftir að dvöl hans í Japan hefst,

- (vii) hann hyggst fara frá Japan þegar dvalartíma hans er lokið,
 - (viii) hann hefur ekki áður fengið fyrrnefnda vegabréfsáritun,
 - (ix) hann býr við góða heilsu, hefur fullnægjandi sjúkratryggingu, traustan bakgrunn og er ekki á sakaskrá,
 - (x) hann hyggst fara að lögum og reglum sem í gildi eru í Japan meðan á dvöl hans stendur í Japan.
2. Japönsk stjórnvöld munu árlega ákveða heildarfjölda vegabréfsáritana, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, og tilkynna íslenskum stjórnvöldum, eftir diplómatískum leiðum, ef þau ákveða að breyta fjölda þeirra.
 3. Senda verður sendiráði Japans á Íslandi umsóknir um vegabréfsáritanir, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, í samræmi við sértækar málsmeðferðarreglur vegna þessa fyrirkomulags. Ef nauðsyn krefur munu fulltrúar sendiráðsins taka viðtal við umsækjendur til að ákvarða hvort þeir uppfylla skilyrðin.
 4. Umsækjendum verður ekki synjað um vegabréfsáritunina, sem getið er í 1. mgr. hér að framan, einungis á grundvelli skorts á japönskukunnáttu.
 5. Japönsk stjórnvöld munu veita íslenskum ríkisborgurum, sem eru handhafar vegabréfsáritunar sem getið er í 1. mgr. hér að framan, dvalarleyfi í Japan í allt að eitt (1) ár frá komudegi. Þeim er óheimilt að framlengja dvöl sína fram yfir heimilað tímabil eða breyta innflytjendastöðu sinni á meðan á dvöl þeirra stendur.
 6. Íslenskum þátttakendum þessa fyrirkomulags er heimilt, á meðan á dvöl þeirra stendur í Japan, eftir atvikum, að starfa hluta af orlofi sínu í því skyni að bæta við ferðasjóði sína.
 7. Japönsk stjórnvöld munu gera þá kröfu að íslenskir ríkisborgarar, sem komið hafa til Japans samkvæmt þessu fyrirkomulagi, fari að japönskum lögum og reglum og stundi ekki atvinnu sem er andstæð tilgangi þessa fyrirkomulags.
 8. Íslenskir þátttakendur þessa fyrirkomulags geta, með fyrirvara um viðeigandi lög og reglur í Japan, skráð sig til þátttökuu í stuttum tungumálanámskeiðum og/eða sambærilegum námskeiðum í þeim tilgangi að kynna sér menningu og almenna lífshætti í Japan.
 9. Japönsk stjórnvöld geta stöðvað tímabundið framangreindar ráðstafanir að hluta eða í heild af ástæðum er varða almannaöryggi, allsherjarreglu, lýðheilsu eða hættu á ólöglegum innflutningi fólks. Allar slíkar stöðvanir verða tilkynntar íslenskum stjórnvöldum tafarlaust eftir diplómatískum leiðum.
 10. Japönsk stjórnvöld geta fellt framangreindar ráðstafanir úr gildi með skriflegri tilkynningu til íslenskra stjórnvalda með þriggja (3) mánaða fyrirvara.

Utanríkisráðuneyti Japans notar þetta tækifæri til þess að fullvissa sendiráð Íslands í Japan enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Tókýó, 29. maí 2018

NOTE VERBALE

from the Ministry for Foreign Affairs of Iceland

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Ministry of Foreign Affairs of Japan and has the honour to inform the latter that the Government of Iceland, in a spirit of promoting closer co-operative relations between Iceland and Japan, desirous of providing wider opportunities for young citizens of Iceland and Japan, to experience the culture and general way of life in Japan and Iceland for the purpose of promoting mutual understanding between Iceland and

Japan, and wishing to provide arrangements for working holidays which are intended to make it possible for young citizens of Japan to enter Iceland primarily for a holiday for an extended period and also engage in employment as an incidental aspect of their holiday in order to supplement their travel funds, is prepared to take, on a reciprocal basis, from 1 September 2018, the following measures with respect to the entry of young citizens of Japan into Iceland, subject to the relevant laws and regulations of Iceland:

1. The Government of Iceland will issue, free of charge, a temporary residence and work permit valid for a period of one (1) year from the date of issuance on application from a national of Japan who satisfies all of the following requirements
 - (i) is a national of Japan who is a resident in Japan at the time of the application for the said permit;
 - (ii) intends primarily to holiday in Iceland for a period of up to one (1) year from the date of entry;
 - (iii) is aged between eighteen (18) and twenty-six (26) years both inclusive at the time of application for the said permit;
 - (iv) is not accompanied by dependents unless those dependents are also in possession of the said permit or other permits;
 - (v) possesses a valid Japanese passport and a return travel ticket or sufficient funds with which to purchase such a ticket;
 - (vi) possesses reasonable funds for his or her maintenance during the period of initial stay in Iceland;
 - (vii) intends to leave Iceland at the end of his or her stay;
 - (viii) has not previously been issued the said permit;
 - (ix) has good health, adequate medical insurance, a sound background and no criminal record; and
 - (x) intends to comply with the laws and regulations in force in Iceland during his or her stay in Iceland.
2. Applicants will file the application for the permit mentioned in paragraph 1 above before entering Iceland under this arrangement.
3. The Government of Iceland will determine annually the number of the permits mentioned in paragraph 1 above and will notify the Government of Japan through diplomatic channels if it decides to alter the number.
4. Application for the permit mentioned in paragraph 1 above will be required to be submitted to the Directorate of Immigration in Iceland, in accordance with procedures specific to these arrangements. When necessary, applicants will be interviewed by the representatives of the Embassy of Iceland in Japan to determine their eligibility.
5. Applicants will not be refused the permit mentioned in paragraph 1 above solely on the grounds of their lack of knowledge of the Icelandic language.
6. The Government of Iceland will grant nationals of Japan who have the permit mentioned in paragraph 1 above permission to stay in Iceland for up to one (1) year from the date of receipt of the said permit. The participants may not extend their stay beyond the period authorized or alter their immigration status during their stay in Iceland under these arrangements.
7. Participants from Japan in these arrangements will, during their stay in Iceland, be able to take work incidental to their holiday in order to supplement their travel funds.
8. The Government of Iceland will require nationals of Japan who have entered Iceland in these arrangements to comply with the laws and regulations of Iceland and not to engage in employment that is contrary to the purpose of these arrangements.

9. Participants from Japan in these arrangements may, subject to the relevant laws and regulations of Iceland, enrol in short-term language courses and/or similar courses for the purpose of learning the culture and general way of life in Iceland.
10. The Government of Iceland may suspend the foregoing measures in whole or in part temporarily for reasons of public security, public order, public health or immigration risk. Any such suspension will be notified immediately to the Government of Japan through diplomatic channels.
11. The Government of Iceland may terminate the foregoing measures by giving three (3) months' written notice to the Government of Japan.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Ministry of Foreign Affairs of Japan the assurances of its highest considerations.

Ministry for Foreign Affairs

Reykjavík, 29 May 2018

NOTE VERBALE

from the Ministry of Foreign Affairs of Japan

The Ministry of Foreign Affairs of Japan presents its compliments to the Embassy of Iceland in Japan and has the honor to inform the latter that the Government of Japan, in a spirit of promoting closer co-operative relations between Japan and Iceland, desirous of providing wider opportunities for nationals of Iceland, particularly young citizens of Iceland, to experience the culture and general way of life in Japan for the purpose of promoting mutual understanding between Japan and Iceland, and wishing to provide arrangements for working holidays which are intended to make it possible for nationals of Iceland to enter Japan primarily for a holiday for an extended period and also engage in employment as an incidental aspect of their holiday in order to supplement their travel funds, is prepared to take, on a reciprocal basis, from 1 September 2018 the following measures with respect to the entry of nationals of Iceland into Japan, subject to the relevant laws and regulations of Japan:

1. The Government of Japan will issue, free of charge, a working holiday visa valid for a period of three (3) months from the date of issuance on application from a national of Iceland who satisfies all of the following requirements:
 - (i) is a national of Iceland who is resident in Iceland at the time of the application for the said visa;
 - (ii) intends primarily to holiday in Japan for a period of up to one (1) year from the date of entry;
 - (iii) is aged between eighteen (18) and twenty-six (26) years both inclusive at the time of application for the said visa;
 - (iv) is not accompanied by dependents unless those dependents are also in possession of the said visa or other visas;
 - (v) possesses a valid passport of Iceland and a return travel ticket or sufficient funds with which to purchase such a ticket;
 - (vi) possesses reasonable funds for his or her maintenance during the period of initial stay in Japan;
 - (vii) intends to leave Japan at the end of his or her stay;
 - (viii) has not previously been issued the said visa;
 - (ix) has good health, adequate medical insurance, a sound background and no criminal record;
 - (x) intends to comply with the laws and regulations in force in Japan during his or her stay in

Japan.

2. The Government of Japan will determine annually the number of the visa mentioned in paragraph 1 above and will notify the Government of Iceland through diplomatic channels if it decides to alter the number.
3. Application for the visa mentioned in paragraph 1 above will be required to be submitted to the Embassy of Japan in Iceland in accordance with procedures specific to these arrangements. When necessary, applicants will be interviewed by the representatives of the Embassy to determine their eligibility.
4. Applicants will not be refused the visa mentioned in paragraph 1 above solely on the grounds of their lack of knowledge of the Japanese language.
5. The Government of Japan will grant nationals of Iceland who have the visa mentioned in paragraph 1 above permission to stay in Japan for up to one (1) year from the date of entry. They may not extend their stay beyond the period authorized, or alter their immigration status during their stay.
6. Participants from Iceland in these arrangements will, during their stay in Japan, be able to take work incidental to their holiday in order to supplement their travel funds.
7. The Government of Japan will require nationals of Iceland who have entered Japan under these arrangements to comply with the laws and regulations of Japan and not to engage in employment that is contrary to the purpose of these arrangements.
8. Participants from Iceland in these arrangements may, subject to the relevant laws and regulations of Japan, enroll in short-term language courses and/or similar courses for the purpose of learning the culture and general way of life in Japan.
9. The Government of Japan may suspend the foregoing measures in whole or in part temporarily for reasons of public security, public order, public health or immigration risk. Any such suspension will be notified immediately to the Government of Iceland through diplomatic channels.
10. The Government of Japan may terminate the foregoing measures by giving three (3) months' written notice to the Government of Iceland.

The Ministry of Foreign Affairs of Japan avails itself of this opportunity to renew to the Embassy of Iceland in Japan the assurances of its highest considerations.

Tokyo, 29 May 2018